

36. gr.

63

Ársreikninga sparisjóðsins skulu endurskoðendur rannsaka þegar eftir að hann er saminn, og skulu þeir hafa lokið því starfi sínu fyrir febrúarlok. Rita þeir síðan á reikninginn vottorð sitt um, að endurskoðun reiknings sé lokið. Reikningurinn, með athugasemdum endurskoðenda, skal síðan lagður fyrir aðalfund til úrskurðar.

37. gr.

Verði ágreiningur milli endurskoðenda um einhver atriði, er tilhögun á reikningsfærslu sparisjóðsins eða bókfærslu snertir, og þeir koma sér eigi saman, skulu endurskoðendur leggja málið fyrir sparisjóðseftirlitið til úrlausnar.

Eins skal fara að, ef endurskoðendur finna eitthvað athugasemdir við reikningsfærslu eða starfrækslu sparisjóðsins og stjórn sparisjóðsins tekur þær athugasemdir ekki til greina eða tregðast við að bæta úr ágöllum, sem endurskoðendur telja vera á starfrækslu sparisjóðsins, eða þeir telja að rekstur sparisjóðsins sé ekki að öllu leyti lögmætur og í fullu samræmi við lög nr. 69 27. júní 1941.

38. gr.

Aðalfundur ákveður þóknun handa endurskoðendum fyrir störf þeirra.

Framanritaðar samþykktir staðfestast hér með.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. apríl 1960.

Gylfi Þ. Gíslason.

Yngvi Ólafsson.

AUGLÝSING

64

um breytingu á lyfjaverði samkvæmt lyfsöluskrá I.

30. apríl

Frá og með 1. maí 1960 hækkar verð á lyfjum samkvæmt lyfsöluskrá I, sem tók gildi 15. september 1959, um 20% frá greindu verði. Þó skal verð á umbúðum, öðrum en appúllum og hettuglösum, sem sérstaklega eru reiknaðar með í eining-arverði injectabilia í fyrr greindri lyfsöluskrá, hækka um 25%.

Heilbrigðismálaráðuneytið, 30. apríl 1960.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.